

Mál nr 17/2017

Ár 2017, fimmtudaginn 14. desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 17/2017

HRFÍ

gegn

X og Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 29. júní 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu X og Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann A við tíkina B án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16. ágúst 2017 og þeim gefinn frestur til 11. september til að skila inn andmælum. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og þeim sent ítrekunarbref dags. 16. nóvember 2017. Svar dags 29. nóvember barst siðanefnd og var afrit þess sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi að öll gögn er málið varðaði væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 26. maí 2017 var rakkinn A paraður við tíkina B hinn 3. janúar 2017. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Yorkshire terrier og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu svöruðu því til að þau taki fulla ábyrgð á því að augnvottorði var ábótavant við pörun, það voru klárlega mistök af þeirra hálfu og ekki með vilja gert. Þau hafa nú beðist afsökunar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Yorkshire terrier:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun (Gildir frá 01.1.2015). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Vottorðið er eitt þeirra gagna sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að rakkinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Hann hefur nú verið augnskoðaður og staðist skoðun.

Það breytir þó ekki brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð. Kærðu hafa beðist afsökunar á brotinu og heitið því að gæta sín betur framvegis svo slíkt komi ekki fyrir aftur. Þá liggur það fyrir að kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og þykir hæfilegt að áminna kærðu.

IV. Niðurstaða.

Kærða, X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

Kærði, Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Fjóra Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir